



Vatnsveita Sauðárkróks. Vegagerð í Heiðarhnjúki

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð þHH-94-03

Vatnsveita Sauðárkróks Vegagerð í Heiðarhnjúki

Eftirfarandi er sett á blað að undirlagi Páls Pálssonar, veitustjóra, vegna fyrirspurnar Skíðadeilda Tindastóls til bæjarstjórnar Sauðárkróks frá 26. mars 1994. Þar er óskað álits á væntanlegu vegarstæði að nýju skíðasvæði. Veginum er ætlað að liggja upp með Hraksíðuárgilinu að vestan; þraða fjallsranann utan og ofan við Veðramót og liggja síðan austanhallt í Heiðarhnjúknum að nýju skíðasvæði í grennd við Lambárbotna í Tindastóli.

Engin ástæða er til að gera athugasemd við staðarval skíðaparadísarinnar og er ekki heldur efast um að svæðið reynist snjóasælt. Um vegarstæðið að því gegnir öðru máli. Efalaust er þetta snjólétt leið og styttað neðan úr bæ. Hins vegar fer ekki hjá því að þessir ótvíraðu kostir skarist nokkuð við hagsmuni Vatnsveitu Sauðárkróks og þá um leið allra bæjarbúa.

Vegurinn opnar ekki einungis leið inn á væntanlegt skíðasvæði, heldur einnig á Heiðarhnjúk, sem er ákomusvæði vatnsins, sem vatnsveitan miðlar. Berggrunnur í efri hluta hnijúksins er víðast hvar ber eða lítt hulinn jarðvegi. Yfirborðsvatn smýgur því greiðlega niður í grunnvatnið og þá um leið einhver grunnvatnsspillandi efni, séu þau til staðar. Umferð gangandi fólks og búfjárbeit ógnar engan veginn grunnvatninu og vatnsnáminu í Veðramótadýjum. Umferð vélknúinna ökutækja verður hins vegar að líta hornaugu.

Vegurinn liggar á kafla mjög nálægt mörkum alfriðunarsvæðis umhverfis vatnsbólin í Veðramótadýjum. Áhrifa af mengunaróhöppum þar mundi fljótt gæta í neysluvatninu. Í egginni ofan bólanna er grágrýtiskubbaberg, sem er mjög opið fyrir írennsli og þar með mengun. Þarna snarhallar jarðlögum líka frá Hraksíðuárgilinu í átt til bólanna. Óþverri, sem þarna fær niður, kemur allur fram í vatnsbólunum, fyrr eða síðar.

Vegurinn liggar um svæði, sem samkvæmt tillögu Orkustofnunar er flokkað sem *grannsvæði* Veðramótaveitu. Grannsvæði takmarkast almennt séð af aðrennslissvæðinu eða þá hluta af því. Stærðin ræðst meðal annars af lekt jarðlaga og gróðurþekju og það á að vera nægilega stórt til að mengandi efni í grunnvatni annað hvort eyðist eða þynnist niður fyrir leyfileg mörk á leið sinni til brunnsvæðisins. Á grannsvæði hefur vatnsverndin forgang umfram alla aðra landnotkun. Þar má ekki geyma mengandi efni eða stunda mengandi starfsemi. Á svæðinu þarf að gera viðeigandi ráðstafanir vegna frárennslis frá mannaþyggð og skepuhaldi, sé því til að dreifa og ekki skal heimila nýja byggð á því. Nánari ákvæði um hvað almennt séð má og ekki má eru að finna í Heilbrigðisreglugerð.

Enstök vatnsbólssvæði hafa sín sérkenni, sem taka verður tillit til. Pannig er í fyrrnefndri tillögu Orkustofnunar bent á að ...það gæti verið ástæða til að gera meiri kröfur til þess hluta grannsvæðisins, sem er allra næst vatnsbólinu. Mest áhersla yrði þá lögð á brekkinguna ofan brunnsvæðisgirðingar, einkum vegna þess að þar er styttra ofan á grunnvatnsborð heldur en ofar í Hnjúknum. Jafnvel væri hugsanlegt að teygja brunnsvæðið alveg upp fyrir brekkubrún.

Það er því alla vega ljóst að umrætt vegarstæði er á landi, sem verður að lúta strangri grannsvæðisvernd eða brunnsvæðisvernd, en með henni er átt við að öll umferð, óviðkomandi vatnsbólinu, sé bönnuð. Ástæðunum fyrir svo strangri verndunarþörf hefur að nokkru leyti verið lýst hér að framan. Allar líkur benda til þess, að grunnvatn streymi til Veðramótadýja svo að segja úr hánorðri. Vatnið sígur fram í leku grágrýti sem liggur ofan á þéttu bergi. Náttúrulegir uppkomustaðir vatnsins eru á þessum jarðlagamótum. Þau liggja lægst í Dýjunum, en hækka til norðurs en þó enn meira til austurs.

Af þessu sést að áformáð vegarstæði liggur um aðrennslissvæði vatnsbólanna og verulega nálægt heim á nokkrum kafla. Auk þess er það í stórum dráttum samsíða stefnu að-rennslisins. Hættan á að einhver hugsanleg mengun frá vegi berist í vatnsbólin er sem sé fyrir hendi á rúmlega tveggja kflómetra kafla, alveg frá brekkubrúninni ofan við Veðramót og alveg norður undir Þróskuld, sem er á vatnaskilum milli Hraksíðuár og Lambár. Áhrif þessarar hugsanlegu mengunar frá vegi fara að sjálfsögðu minnkandi eftir því sem norðar dregur vegna útþynningar.


Akvegur er í sjálfa sér ekki grunnvatnsfjandsamlegt mannvirki. Óhöpp í umferð á veginum geta á hinn bóginn valdið grunnvatnsmengun og það er alltaf álitamál hvað hægt er að leyfa sér að treysta á að allt fari á besta veg. Veðranótadý hafa verið aðalvatnsból Sauðárkróks í meira en 20 ár og verða það áfram um fyrirsjáanlega framtíð. Miðað við núverandi landnýtingu telst svæðið vera sæmilega öruggt fyrir mengun. Allar breytingar á notkun landsins ofan bólanna eru til hins verra. Sauðárkrókur hefur ekkert varavatnsból, sem hægt er að grípa til í skyndi, ef óhapp verður ofan við Veðramót. Öruggt vatnsból er frumpörf byggðarinnar og verður að meta sem slíkt. Vatnsból hafa forgang fram yfir aðra landnotkun og ef það er vafamál hvort öryggi þeirra sé ógnað, þá skal vatnsbólið njóta vafans. Umrætt vegarstæði vegur að mínu viti að þessu öryggi og ég fæ ekki séð að knýjandi nauðsyn réttlæti áhættuna.

Gott útvistarsvæði og aðgengilegt er hverjum þéttbýlisstað nauðsyn, en gjöfult vatnsból og tryggt er lifsnauðsyn.

Kær kveðja,

Pórólfur H. Hafstað

Heiðarhnúkur í Gönguskördum
bergrunnskort




VEGUR UTAN Í HEIÐARHNÚK

Verndarsvæði samkvæmt tillögu Orkustofnunar:




Brannsvæði
Viðkvæmasti
hluti grannsv.

Aformáð vegar-
stæði (óviss lega)



Straumstefna
grunnvatnsins

Verndarsvæði samkvæmt tillögu Orkustofnunar:



Basalt, leriert
Liparit, leriert
Möberg, oskilgreint, kvartert
Kubaberg
Brotaberg
Möbergsfjall
Jökulberg / sandstein
Ehensnúkur laus jardlög
Lindalína



N